

# Nýsköpunarbærinn Ísafjörður

## Tilgangur

Tilgangur verkefnisins er að efla Ísafjörð sem nýsköpunarbæ og ýta undir og efla hugarfar nýsköpunar á svæðinu. Á síðustu árum hefur staðbundin verslun dregist saman á heimsvísu og færast í auknum mæli á netið. Það er þróun sem ekki er útlit fyrir að breytist. Eitt af því sem einkennt hefur Ísafjörð er öflugur miðbær þar sem aðstaða er frábær til mannfögnuða og mannlíf er oft fjörukt, sérstaklega á sumrin þegar skemmtiferðaskip eru á svæðinu. Verslun hefur þó dregist gríðarlega saman og ekki er líklegt að þeirri þróun verði snúið við. Horfa þarf til þess með hvaða öðrum hætti en með verslun væri hægt er að efla miðbæinn.

Lagt er til að Ísafjarðarbær og Vestfjarðastofa taki höndum saman og vinni að verkefni sem hefði vinnuheitid „Nýsköpunarmílan“ sem næði í frá Torfnesi og niður á höfn. Margskonar nýsköpunarstarfsemi á sér stað á þessari leið sem hefst í MÍ / Fab Lab og endar við Skipasmíðastöðina. Á leiðinni er nú þegar fjölbreyttar verslanir, ferðaþjónustufyrirtæki, veitingastaðir og kaffihús. Þegar er að minnsta kosti eitt nokkurs konar samvinnurými aðila í skapandi greinum starfandi við Aðalstræti þar sem RÚV var áður til húsa. Áhugavert væri að kanna möguleika á samvinnurými hátækni/líftækni í samstarfi við t.d. Kerecis, Skagann 3X, Viruxal og Sjávarútvegsklasa Vestfjarða svo nokkrir aðilar séu nefndir.

## Markmið

Verkefnið hefði það að markmiði að tengja miðbæinn og hafnarsvæðið saman í gegnum vinnu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Nú þegar er byrjað að vinna að hugmynd um stækkun á hafnarsvæðinu á Ísafirði, en þar hafa nokkur öflug fyrirtæki sótt um lóðir og fyrirsjáanlegt er að svæðið verði, í framtíðinni vettvangur öflugrar atvinnustarfsemi og mannlífs. Líklegt er að á næstu árum byggist upp meiri þjónusta við þá sem þar starfa og mikilvægt er að tengja vel saman hafnarsvæðið og miðbæinn þannig að ein heild skapist.

Innan verkefnisins „Nýsköpunarmílan“ mætti mögulega útfæra fleiri hugmyndir sem komið hafa á borð Vestfjarðastofu of yrðu þær ræddar innan vinnuhópa og stýrihóps, en þessa vinnu þarf að vinna í góðri sátt við íbúa svæðisins, verslanir og fyrirtæki á svæðinu ofl.

## Aðgerðir

- Stýrihópur verkefnis verði stofnaður í febrúar 2021
- Kortleggja starfsemi í miðbænum og hafnarsvæðinu fyrir lok maí 2021
- Kortleggja nýsköpun á svæðinu fyrir lok maí 2021
- Tengja vinnu við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.
- Mótuð verði framtíðarsýn Nýsköpunarmílnnar fyrir árslok 2021
- Skoða hugmyndir með vinnuhópi sem ætlað er að hleypa nýju lífi í „miðbæinn“.
- Skoða og meta þá þætti og kostnað varðandi hönnun á hugmyndinni.

## Afurð verkefnis

Mótaðar hugmyndir og framtíðarsýn miðbæjar og hafnar Ísafjarðar sem nýta má til að byggja upp svæðið og ímynd. Jafnframt verður Nýsköpunarmílan afurð verkefnisins.

## Samráð og vinnuhópar

### Stýrihópur:

- Birgir Gunnarsson – bærarstjóri Ísafjarðarbæ
- 2 kjörnir fulltrúar Ísafjarðarbæjar
- Starfsmaður Vestfjarðastofu myndi sitja fundina ásamt starfsmanni Ísafjarðarbæjar

### Vinnuhópur:

- Fulltrúi úr hverfisráði – eyri og efri bær
- Fulltrúi verslunar
- Fulltrúi þjónustu og skrifstofa
- Fulltrúi Ísafjarðarbæjar – tengdur aðalskipulagsvinnu
- Fulltrúi „nýsköpunarfyrirtækja“
- Hafnarstjóri
- Fulltrúi Vestfjarðastofu
- Fulltrúi menningar

**Samráð** – Þegar unnið er með vinnuhóp er hægt að nýta fordæmi vinnu við áfangastaðaáætlun sem unnin var á síðasta ári, en grunnurinn í verkefninu tengist vinnu við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.

Vinnuhópurinn mun koma að því að:

- Gera aðgerðaáætlun fyrir árið 2021 sem miðar að því að vinna að þeim markmiðum sem sett eru í skjalinu
- Fylgja eftir aðgerðum sem stillt verður upp

### Starfsmenn verkefnisins:

- Frá Vestfjarðastofu:  
Hlutverk: Aðstoð við boðun funda, mótun fundaefnis, halda fundi, aðstoð við úrvinnslu frá fundum.
- Frá Ísafjarðarbæ:  
Til að verkefni gangi upp og tengist vel við aðalskipulagsvinnu Ísafjarðarbæjar þarf að vera fastur starfsmaður í verkefninu sem heldur utan um það með aðstoð frá starfsmanni Vestfjarðastofu.  
Hlutverk: Halda utan um verkefnið, tengja verkefnið við aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, fylgja eftir aðgerðum sem stillt er upp í aðgerðarplani, boða fundi, aðstoða starfsmenn Vestfjarðastofu við mótun fundaefna, úrvinnsla frá fundum.

## Fjárhagsrammi

Áætla þarf fjármagnsramma fyrir verkefnið. Ákveða þarf í ferlinu hvort fara eigi í hönnunarvinnu á Nýsköpunarmílunni árið 2022 eftir að framtíðarsýn hefur verið sett upp og/eða hvort að þurfi að fjármagna aðra aðkeypta vinnu.